



Innkaupa- og framkvæmdaráð

**EES útboð nr. 15467.**

**Þróttur gervigras á tvo æfingavelli.**

Tilboð í ofangreint verkefni voru opnuð á innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar miðvikudaginn 20. apríl 2022 kl. 10:30. Lagt er til við innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda, Tilboði 1 frá Altís ehf. að upphæð kr. 147.184.000,-

Lægstbjóðandi hefur staðist fjárhagsskoðun innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar og tæknilegt mat skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Ólafur Ólafsson, deildarstjóri  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:  
Samanburðarskrá  
Mat á tilboðum, niðurstaða





Reykjavíkurborg  
innkaupaskrifstofa

**EES útbod 15467 - Þróttur - gervigras á tvo æfingavelli**  
fyrir Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Tilboðin voru opnuð í Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, þann 20. apríl 2022, kl. 10:30

| <b>Bjóðendur:</b> |               | <b>Tilboðsverð við opnun</b> | Hlutf. af kostn.áætl | <b>Tilboðsverð eftir yfirferð</b> | Hlutf. af kostn.áætl |         |
|-------------------|---------------|------------------------------|----------------------|-----------------------------------|----------------------|---------|
| 1                 | Metatron ehf. | Tilboð 1                     | 156.657.502          | 92,15%                            | 156.968.572          | 92,33%  |
|                   |               | Tilboð 2                     | 161.510.034          | 95,01%                            | 161.821.104          | 95,19%  |
| 2                 | Altis ehf.    | Tilboð 1                     | 146.034.000          | 85,90%                            | 147.184.000          | 86,58%  |
|                   |               | Tilboð 2                     | 159.159.000          | 93,62%                            | 160.309.000          | 94,30%  |
| Kostnaðaráætlun   |               |                              | 170.000.000          | 100,00%                           | 170.000.000          | 100,00% |



## Minnisblað

Dreifing  
Einar H. Jónsson, Reykjavíkurborg

26.04.2022

Tílefni

### Þróttur æfingavellir - Gervigras

Mat á tilboðum í gervigras

Höfundur

ÓVM / omar@vso.is

Yfirfarið/Sampykkt

VÁÁ

### Inngangur

Miðvikudaginn 20. apríl 2022 kl: 10:00 á innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar voru opnuð tilboð í útboðsverkið „15467 Þróttur – Gervigras á tvo æfingavelli“. Heildarverkið felst í eftirfarandi:

- ▶ Útvegum og fullnaðarfrágangi á nýju gervigrasi á nýjan tvöfaldan æfingavöll á Íþróttasvæði Þróttar í Laugardal Reykjavík, gamli Valbjarnavöllur, ásamt nýjum staðsteyptum (in-situ) fjaðurlagspúða. Gervigrasið skal vera af bestu fánlegum gæðum og uppfylla FIFA Quality staðal Alþjóðaknattspyrnusambandsins FIFA.
- ▶ Útvegum á fjórum nýjum föstum keppismörkum á knattspyrnuvöllinn ásamt upphengistöngum markanets auk horn- og miðjufána á þá auk fullnaðarfrágangi þess búnaðar sem fylgir þeim og festa skal í jörðu.
- ▶ Stærð á merktum völlum er 64x105m og 68x105m.
- ▶ Heildarstærð gervigrass ásamt öryggissvæði er 148x112m = 16.576m<sup>2</sup>
- ▶ Útvegum á lausum mörkum á hjólum.
- ▶ Viðhaldsbúnaður

Alls bárust 4 tilboð í verkið frá eftirtöldum 2 aðilum:

- Metatron ehf (2 tilboð)
- Altis ehf (2 tilboð)

Hér á eftir verður gefið yfirlit yfir tilboðin, efni þeirra lýst og kannað hvort tilboðin eru í samræmi við gerðar kröfur þ.á.m. skilum á umbeðnum gögnum.

### Yfirlit yfir tilboð

Gerðar voru þær kröfur til gervigrassins að það væri af bestu fánlegu gæðum og uppfyllti FIFA QUALITY staðal Alþjóðaknattspyrnusambandsins. Þá var í útbóðsgögnum gerð krafa um að sjálft gervigrasið væri lagt á fjaðurlag (púða), samskeyti skulu límd og að innfylling gervigrassins sé silica sandur og EPDM Virgin græn eða EPDM R(ecycled) grátt gúmmí.

Í eftirfarandi töflu er að finna yfirlit yfir tilboðin.

### Samantekt tilboða

| Bjóðandi                              | Tilboð | Yfirfarin<br>upphæð | Upplesin<br>upphæð | Hlutf. af<br>kostn. áæti |
|---------------------------------------|--------|---------------------|--------------------|--------------------------|
| <b>Metatron ehf</b>                   |        |                     |                    |                          |
| FieldTurf - 360 XL 42-17              | 1      | 156.968.572         | 156.657.502        | 92,33%                   |
| Polytan - LigaTurf RS Pro II 240 20/4 | 2      | 161.821.104         | 161.510.034        | 95,19%                   |
| <b>Altis ehf</b>                      |        |                     |                    |                          |
| Edel Soccer diamondblade 40/16        | 1      | 147.184.000         | 146.034.000        | 86,58%                   |
| Edel Soccer diamondblade 50/20        | 2      | 160.309.000         | 159.159.000        | 94,30%                   |
| <b>Kostnaðaráætlun</b>                |        |                     | 170.000.000        |                          |

Við yfirferð tilboða og fylgigagna kom eftirfarandi fram:

**Altis ehf.** fyllti ekki út eyðublað í kafla 3 í útboðsgögnum um gerð og eiginleika efnis sem fyrirtækið býður en í gögnum sem fylgja tilboðinu koma umbeðnar upplýsingar fram. Verður því að telja að þessi vöntun sé minni háttar.

Altis skilaði ekki inn labor test um að boðin vara uppfylli kröfur FIFA Quality staðalins og skv. gögnum sem fylgdu tilboði staðfestir framleiðandi að tilboð 2 uppfylli kröfur FIFA en ekkert er að finna um tilboð 1. Kalla þarf eftir staðfestingu frá bjóðanda. Rétt gögn bárust 26.4.22.

**Metatron ehf.** fyllti út eyðublað í kafla 3 í útboðsgögnum um gerð og eiginleika efnis fyrir annað af tveimur tilboðum sínum sem fyrirtækið býður og í gögnum sem fylgja tilboðum koma umbeðnar upplýsingar fram. Verður því að telja að þessi vöntun sé minni háttar.

Með hliðsjón af ofanrituðu eru því öll tilboð gild og verða þau tekin til mats.

### Samantekt tilboða

#### Próttur æfingavellir gervigras

| Bjóðandi      | Tilboð<br>Nr. | Gerð                                  | Práður       |            |                   |                       |                                 |                 |                                | Helldarþyngd<br>með mottu<br>(g/m <sup>2</sup> ) | Þyngd<br>án mottu<br>(g/m <sup>2</sup> ) | Sandur<br>kg/m <sup>2</sup> | Fylling                          |        |
|---------------|---------------|---------------------------------------|--------------|------------|-------------------|-----------------------|---------------------------------|-----------------|--------------------------------|--|--|-----------------------------|----------------------------------|--------|
|               |               |                                       | Efni         | Þykkt<br>µ | Efnismagn<br>dtex | Þéttleiki<br>stk/10cm | Þéttleiki<br>stk/m <sup>2</sup> | lengd<br>þráðar | Bil milli saumafina<br>(gauge) |  |  |                             | Grátt gúmmí<br>kg/m <sup>2</sup> | Gerð   |
| Metatron ehf. | 1             | FieldTurf - 360 XL 42-17              | Polyethylene | 360        | 15.600            | 17                    | 10.709                          | 42              | 5/8" (15.88mm)                 | 2.873  | 1.603                                    | 16                          | 9                                | EPDMR  |
| Metatron ehf. | 2             | Polytan - LigaTurf RS Pro II 240 20/4 | Polyethylene | 410        | 16.800            | 20                    | 10.700                          | 42              | 3/4" (19.05mm)                 | 2.590  | 1.750                                    | 17                          | 6.5                              | EPDMR  |
| Altis ehf.    | 1             | Edel Soccer diamondblade 40/16        | Polyethylene | 365        | 13.200            | 16                    | 10.080                          | 40/42           | 5/8" (15.88mm)                 | 2.415  | 1.205                                    | 24                          | 5.5                              | EPDM V |
| Altis ehf.    | 2             | Edel Soccer diamondblade 50/20        | Polyethylene | 410        | 16.000            | 20                    | 12.600                          | 50/52           | 5/8" (15.88mm)                 | 3.410  | 2.200                                    | 24                          | 12.0                             | EPDMR  |

#### Metatron ehf.

Metatron leggur fram 2 tilboð. Þykkt fjaðurlags in-situ SBR (púða) er eins í öllum tilboðum, 25mm þykkt. Gervigrasið í tilboði 1 er frá franska framleiðandanum FieldTurf (FIFA Preferred producer). Gervigrasið í tilboði 2 er frá þýska framleiðandanum Polytan (FIFA Preferred producer), Innfylling er EPDM ST Virgin í öllum tilboðum.

#### Tilboð 1:

Fieldturf 360 XL gras með 360µ þræði. Þéttleika stich/10cm er 17 stk. Innfylling er EPDMR gúmmí. Fjaðurlag (púði) in-situ 25mm. FQP prófun (passed) fylgir með. Sama gras og fyrir var á aðalvelli Vals Hlíðarenda

#### Tilboð 2:

Polytan LigaTurf RS PRO II gras með 410µ þræði. Þéttleika stich/10cm er 20 stk. Innfylling er EPDMR gúmmí. Fjaðurlag (púði) in-situ 25mm. FQP prófun (passed) fylgir með. Fyrir liggur að nokkrir keppnisvelli hafa verið lagðir með eins yfirborði. 3 vellir í Færeyjum, nýlagt gras á Valsvelli og Miðgarður (höll) Garðabær ásamt KA Nývangur tveir vellir verða lagðir sumar 2022 og 2023.

Öll tilboð Metatron uppfylla kröfur útboðsgagna til efnis og gert er ráð fyrir í öllum tilboðum að líma saman samskeyti á mottum

### Altis ehf.

Altis ehf. býður fram 2 tilboð frá hollenska framleiðandanum EdelGrass sem er á lista FIFA sem Preferred producer.

#### Tilboð 1:

Edel Soccer Diamondblade 40/16 með 365µ þræði. Þéttleiki stich/10cm er 16 stk. Fjaðurlag in-situ SBR 25mm að þykkt. Innfylling er EPDM Virgin gúmmi. FQP prófun (passed) fyrir þetta heildarkerfi fylgir ekki með tilboði, staðfesting kom 26.4.22. Ekki er bent á velli sem sömu gerð og boðið er. Þjóðandi sendi upplýsingar um lagða velli með sama efni þann 26.4.22.

#### Tilboð 2:

Edel Soccer Diamondblade 50/20 með 410µ þræði. Þéttleiki stich/10cm er 20 stk. Fjaðurlag in-situ SBR 25mm að þykkt. Innfylling er EPDM R gúmmi. FQP prófun (passed) fyrir þetta heildarkerfi fylgir ekki með tilboði en skv. gögnum frá framleiðanda uppfyllir það FQP. Kalla þarf eftir labor test 19-0124-01 ef til er. Ekki er bent á velli sem sömu gerð og boðið er.

### **Önnur gögn**

#### Innfylling:

Staðfestingar liggja frá bæði Metatron ehf. og Altis ehf. um að innfylling uppfylli heilsufarsstaðla.

#### Tímaáætlun:

- ▶ Metatron ehf. skilar ekki inn verkáætlun með dagsetningum og áætluðum verklokum. Líta má svo á að þeir klári völlinn á settum verklokadegi skv. útboðsgögnum.
- ▶ Altis ehf. skilar ekki inn verkáætlun með dagsetningum og áætluðum verklokum. Líta má svo á að þeir klári völlinn á settum verklokadegi skv. útboðsgögnum.

#### Upplýsingar um lagða velli:

Í upplýsingum um fyrirtækin koma fram umbeðnar upplýsingar.

#### Viðhaldsáætlun og viðhaldslýsing boðins gervigrass á íslensku:

Hvorugur þjóðandi uppfyllir þennan lið. Ýmis gögn fylgja og kerfin sem þeir bjóða eru þekkt og uppfylla gerðar kröfur.

### **Niðurstaða útboðs**

Öll tilboð frá Metatron uppfylla ákvæði útboðsgagna.

Tilboð frá Altis ehf. uppfyllir ákvæði útboðsgagna að mestu leyti, athuga þarf með hvort efni í tilboð 1 uppfylli Fifa Quality staðalinn. Labor test á tilboði 1 og tilvísun í lagða velli með sama efni barst 26.4.22.

Niðurstaða þessa mats er að öll tilboð uppfylla ákvæði útboðsgagna með nokkrum annmörkum sem talið er upp hér að ofan.

Lagt er til að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda Altis ehf.

Ómar Valur Maack

VSÓ Ráðgjöf

